

## 1. Kynning og leiðbeiningar

Eftirfarandi fræðsluefni byggir á niðurstöðum rannsóknar sem undirrituð vann sem lið í meistaraverkefni til M.Ed.-prófs í sérkennslufræði og skóla margbreytileikans við Menntavísindasvið Háskóla Íslands árin 2018 – 2019. Meistaraverkefnið í heild má finna í [Skemmunni](#) og ber titilinn “Milliliður, stuðningsaðili eða hlutlaus fylgdarmaður. Hlutverk aðstoðarfólks í námi fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning”. Til hagræðingar er í fræðsluefninu notað hugtakið „notendur“ um fólkið sem nýtur stuðnings.

Tvær mikilvægar niðurstöður í rannsókninni voru að það vantar leiðbeiningar til aðstoðarfólks um hlutverk þess í námi notenda og að regluleg fræðsla til starfsfólks getur haft jákvæð áhrif á viðhorf þess og færni í starfi. Þetta fræðsluerindi er liður í því að skýra hlutverk aðstoðarfólks í námi notenda og efla viðhorf þess og færni í því að aðstoða notendur í námi sem og daglegu lífi.

Fræðsluefnið er sett þannig upp að hægt sé að vinna með einn kafla/undirkafla í einu og taka til þess afmarkaðan tíma á hverjum starfsmanna- eða teymisfundum. Forstöðumaður getur tekið efnið fyrir með öllum starfsmannahópnum ef haldnir eru reglulegir sameiginlegir starfsmannafundir. Einnig getur teymisstjóri eða tengill tekið efnið fyrir á reglulegum fundum með hópi starfsmanna sem tengist ákveðnum notanda.

Prenta má út hvern kafla fyrir sig, lesa innganginn upphátt og vinna síðan verkefnið sem tengist hverjum kafla. Einnig má horfa á stutt kynningarmyndband sem fylgir hverjum kafla þar sem verkefnastjóri útskýrir aðalatriðin og tengir þau við verkefnin. Ath. að myndböndin voru gerð út frá upprunalegu útgáfu fræðsluefnisins frá 2021 og því kemur fyrir ólík orðanotkun í sumum textum annars vegar og myndböndum hins vegar eftir að fræðsluefnið hefur verið uppfært 2026. Öll kynningarmyndbönd eru aðgengileg á [heimasíðu Fjölmenntar](#) sem og [Youtube-rás Fjölmenntar](#).

Helle Kristensen  
ráðgjafi  
Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð  
[helle@fjolmennt.is](mailto:helle@fjolmennt.is)